



Reglur um val og útnefningu heiðursborgara Sveitarfélagsins Skagafjarðar

1.gr

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er heimilt með einróma samþykkt að útnefna sérstakan heiðursborgara Sveitarfélagsins Skagafjarðar.

2.gr

Við útnefningu skal hafa hliðsjón af störfum viðkomandi einstaklings í þágu sveitarfélagsins og/eða afrekum í þágu lands og þjóðar.

3.gr.

Heiðursborgari skal heiðraður við hátíðlega athöfn, s.s. við opinbera hátíð eða (stór)afmæli viðkomandi.

4.gr.

Heiðursborgari fær viðurkenningu til staðfestingar á nafnbótinni þar sem a.m.k. kemur fram nafn viðkomandi og dagsetning.

5.gr.

Heiðursborgari hefur engar skyldur gagnvart Sveitarfélaginu Skagafirði sem slíkur.

6.gr.

Sveitarfélagið Skagafjörður hefur eftirfarandi skyldur gagnvart heiðursborgara:

- Býður heiðursborgara til opinberra athafna/veislna á vegum Sveitarfélagsins Skagafjarðar.
- Heldur nöfnum heiðursborgara með titlinum heiðursborgari á lofti við tilhlýðileg tækifæri.
- Tekur þátt í athöfn við útför heiðursborgara þegar þar að kemur í samráði við aðstandendur.

7.gr.

Sveitarstjórn skal halda lista yfir heiðursborgara og skrá um hvenær þeir voru heiðraðir, hverjir sátu þá í sveitarstjórn og hvað lá til grundvallar heiðrun.

Samþykkt í sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar 28. júní 2019


Sigfús Ingi Sigfússon
Sveitarstjóri